

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014, Höfðabraut, Hvammstangabraut, Eyrarland og Búland, Hvammstanga.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 5. nóvember 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 frá 9. júlí 2002.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Hluti opins svæðis til sérstakra nota Ú-9 minnkar og til verður nýtt 0,74 ha athafnasvæði A-6. Annar hluti svæðis Ú-9 færist suður fyrir Eyrarland og stækkar til suðurs og jafnframt stækkar iðnaðarsvæði I-3 og verður 1,6 ha að stærð.
2. Íbúðarsvæði Íb-6 við Eyri breytist til samræmis við núverandi nýtingu lands og stærð helst óbreytt.
3. Hluti athafnasvæðis A-3 og blandaðs athafna- og iðnaðarsvæðis A-3 og I-4 breytist í 4,39 ha íbúðarsvæði Íb-8 og óbyggt svæði.
4. Athafnasvæði A-4 fellur brott og óbyggt svæði stækkar sem því nemur.
5. Tengivegur frá Hvammstangabraut að Höfðabraut sunnan núverandi athafnasvæðis A-3 fellur brott. Vegurinn hefur ekki verið lagður.
6. Tengivegurinn Höfðabraut færist til austurs á kafla og í núverandi legu tengivegarins.
7. Hringtorg á gatnamótum Hvammstangabrautar og Eyrarlands annars vegar og Hvammstangabrautar og Búlands hins vegar fellur brott.
8. Lega vegar að Eyri og svæðum A-6 og I-3 breytist og er vegurinn sýndur á uppdrætti til skýringar eingöngu.
9. Gönguleið færist að ströndinni og tengist gönguleið norðan við athafnasvæði A-1.
10. Ný reiðleið er sýnd meðfram smábýlalóðum við Höfðabraut og að Hvammstangabraut.
11. Nýtingarhlutfall á iðnaðar- og athafnalóðum verður 0,2-0,5 og þar er gert ráð fyrir 1-2 hæða byggingum. Nýtingarhlutfall smábýlalóða verður allt að 0,15 þar sem gert er ráð fyrir einnar hæðar byggingum.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 5. nóvember 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.